

25. september 2024

## Fundur í skólaráði Ártúnsskóla

**Mættir:** Ellen Gísladóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri og ritari fundar, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, Lilja Rut Bech Hlynsdóttir fulltrúi kennara, Lilja Hrönn Einarsdóttir fulltrúi frístundar, Eggert Thorberg Kjartansson fulltrúi starfsmanna, Bjarni Þórðarson fulltrúi Ársels og fulltrúi foreldra, Stefán Orri Stefánsson fulltrúi forelda og foreldrafélags, Tina Paic fulltrúi foreldra, Erna Ýr Styrkárstöttir námskráðgjafi, Guðrún Þorleifsdóttir fulltrúi foreldra, Jónína Sif Axelsdóttir fulltrúi foreldra á leikskóladeild, Ragnhildur Lára Ragnarsdóttir fulltrúi nemenda og Róbert Blær Bjarnason fulltrúi nemenda.

Ellen hóf fundinn á því að fara yfir mönnun skólaráðsins í vetur. Fundargerðir eru alltaf ritaðar á fundum og birtar á heimasíðu. Eins var farið yfir fundartíma Skólaráðs í vetur. Það eru sex fundir á dagskrá í vetur, þrjár á haustönn og þrjár á vorönn. Fundartími er á miðvikudögum kl. 8:30.

Næst voru skóladagatöl bæði grunnskóla og leikskóla áréttuð og yfirfarin en þau voru samþykkt á skólaráðsfundi síðasta vor. Skóladagatölin eru á heimasíðu skólans. Í leikskólanum er það í fyrsta skipti þannig hjá Reykjavíkurborg að það þarf að skrá börnin sérstaklega í leikskólann í vetrarleyfum, jólaleyfi og páskaleyfi og ekki er greitt fyrir þessa daga ef börnin eru í fríi.

Það er fullmannað í grunnskólanum, í leikskólanum er laus deildarstjórastaða á Lágholti og fullmannað í frístund skv. úthlutun stöðugilda. Úthlutunin þar er að mati stjórnenda ekki rétt og of fátt starfsfólk með börnunum. Skráð börn í Skólasel eru 80 og þar hefur öllum verið boðin vistun. Unnið er að því með yfirmönnum á Skóla- og frístundasviði að rýna betur mönnun í þeirri von um að fá að ráða inn fleira fólk.

Næst var rætt um starfsáætlanir sem ná til starfsdeilda Ártúnsskóla. Starfsáætlanir okkar eru þrjár, ein fyrir hverja deild; leikskóla, grunnskóla og frístund. Starfsáætlun leikskóladeildar er samþykkt að vori en grunnskólans að hausti. Starfsáætlun grunnskóla 2024 – 2025 var send út í tölvupósti til allra fulltrúa skólaráðs í lok síðustu viku. Starfsáætlun grunnskólans er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum fulltrúa skólaráðs.

Ellen fór næst yfir innra mat á skólastarfi og umbótaáætlanir leik- og grunnskóla. Innra matið er unnið jafnt og þétt yfir veturinn og lokahönd er lögð á áætlanirnar í júní ár hvert af skólastjórnendum. Vinna stendur yfir í skólum sem tilheyra Austurmiðstöð þar sem unnið er að matsþáttum innra mats á skólastarfi út frá gæðaviðmiðum menntamálstofnunar. Í vetur er áhersla á gæði kennslu fyrir áramót og eftir áramót er áhersla á umbætur og innleiðingar breytinga. Starfshópur er starfræktur í skólanum sem leiðir vinnu um innra mat skólans. Þar er fundað aðra hvora viku. Ellen sýndi innramats áætlun síðasta skólaárs sem og þessa árs.



ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI  
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Næst var farið yfir niðurstöður lesfimi frá því í maí 2024 því niðurstöður fyrirlagnar í maí birtast ekki fyrr en í byrjun júní og ekki fundað í skólaráði á þeim tíma. Allir árgangar voru yfir viðmiði eitt. Í september er fyrirlögn lesfimi í öllum árgöngum og niðurstöður verða kynntar á næsta fundi skólaráðs í nóvember.

Í framhaldi af lesfimi fór Ellen yfir niðurstöður lesmáls sem lagt er fyrir 2. bekk ár hvert. Fyrirlögn var í apríl. Niðurstöðurnar komu vel út fyrir Ártúnsskóla og 70% nemenda með aldursvarandi færni í lestri og eingöngu um 5% sem þurfa einstaklings inngrip.

Ellen kynnti einnig niðurstöður á yfirverð innra matsins sem metið er af utan að komandi aðila. Innra mat skólans var metið 2022 og aftur núna 2024 og Ártúnsskóli kemur vel út í innra matinu.

Næst var farið yfir mönnun á útivaktir í frímínútum og á matsal. Ellen sýndi vaktaplönin. Við brugðumst við ábendingum sem komu fram á síðasta skólaári með enn meiri mönnun en áður í frímínútum og fjölguðum um einn á öllum vöktum. Starfsmenn eru klæddir í gul vesti eða gula galla til þess að vera sýnilegir nemendum. Kynning hefur einnig farið fram á fyrirkomulagi vakta með nemendum á samveru í upphafi skólaárs.

Farsæld barna var næst á dagskrá og Ellen vísaði til glærupakka sem sendur var á alla foreldra í haust um farsæld barna. Tengiliðir farsældar í skólanum eru Ásta María í grunnskóladeild og Ragnheiður Anna í leikskóladeild.

Nýjar heimasíður grunnskóla Reykjavíkur eiga að líta dagsins ljós í kringum mánaðarmótin september – október. Lendingarsíðan sem er virk núna er með afar takmörkuðum upplýsingum. Við biðum spennt eftir þeim.

Samstarf skóla og foreldrafélags hefur verið með miklum ágætum undan farin ár. Stjórnendur funda með stjórn foreldrafélagsins að hausti, haustfundurinn okkar er á morgun fimmtudag. Nýr formaður foreldrafélagsins verður kosinn á næsta aðalfundi foreldrafélagsins sem er í október.

Önnur mál: Bjarni ræddi um fótboltamót KSÍ fyrir börnin í 7. bekk þar sem foreldrar fengu það verkefni að fara með börnin á mótið eins og alltaf hefur verið gert í Ártúnsskóla. Til samanburðar við aðra skóla þá voru liðin frá okkur ekki mætt eins vel búin og önnur lið sem voru mætt í búningum og skóm til leiks en ekki liðin frá okkur. Bjarni lagði til að næst yrði haft samband við foreldra áður en liðin yrðu skráð til leiks.

Einnig var spurt út í gæði hádegisverðar eftir að matur varð ókeypis fyrir börn í grunnskólum. Okkur finnst maturinn góður og fjölbreyttur áfram eins og verið hefur hjá Skólamat í gegnum tíðina og maturinn hefur alls ekki dalað frá því í fyrra.

Fundi slitið kl. 9:30

Guðrún Bára Gunnarsdóttir, fundarritari